

7. gr.

Grundarfjarðarbær eða aðilar á hans vegum í samráði við heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundunum samkvæmt samþykkt þessari.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði VI. og VII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Grundarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Eyrarsveit nr. 317/1990.

Umhverfissráðuneytinu, 7. maí 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefur verið ákveðið að lækka leyfðan hámarkshraða á Súluhöfða úr 50 km/klst. í 30 km/klst.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. maí 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Hveravöllum, Svínavatnshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Svínavatnshrepps samþykkt deiliskipulag fyrir Hveravelli í Svínavatnshreppi.

Greinargerð, uppdráttur og umhverfismat hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Dalsmynni, 9. maí 2002.

Jóhann Guðmundsson, oddviti Svínavatnshrepps.